



## Til aðildarsveitarfélaga SASS, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Sorpstöðvar Suðurlands

Selfossi, 31. ágúst 2021

### Efni: Ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga 28. og 29. október 2021

Ákveðið hefur verið að halda ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga 28. og 29. október nk. á Stracta hótelinu á Hellu. Á ársþinginu verða haldnir aðalfundir SASS, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Sorpstöðvar Suðurlands. Sökum COVID-19 faraldursins kann að koma til þess að þingið verði ekki haldið á Stracta hótelinu, en verði í stað þess haldið í fjarfundi. Ef breyta þarf fundinum verður tilkynnt um það sérstaklega.

Óskað er eftir að sveitarfélögin tilkynni þátttöku fulltrúa sinna með því að fylla út rafrænt [skráningarform](#) fyrir **4. október** nk., í samræmi við eftirfarandi töflu:

Sveitarfélag	Íbúafjöldi 1.1.2021	Fjöldi fulltrúa
Sveitarfélagið Hornafjörður	2.387	5
Skaftárhreppur	624	3
Mýrdalshreppur	758	3
Rangárþing eystra	1.924	4
Rangárþing ytra	1.740	4
Vestmannaeyjabær	4.314	7
Ásahreppur	271	2
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	590	3
Flóahreppur	690	3
Sveitarfélagið Árborg	10.452	13
Hrunamannahreppur	822	3
Bláskógabyggð	1.144	4
Grímsnes- og Grafningshreppur	492	2
Hveragerðisbær	2.778	5
Sveitarfélagið Ölfus	2.369	5
Samtals	31.388	66

Sérstök athygli er vakin á því að aðrar reglur gilda um aðalfund Sorpstöðvar Suðurlands en þar skal samkvæmt samþykktum aðeins tilnefndur einn fulltrúi fyrir hvern eignaraðila.

Eignaraðilar Sorpstöðvarinnar eru eftirtaldir: Bláskógabyggð, Flóahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Hveragerðisbær, Sveitarfélagið Árborg, Sveitarfélagið Ölfus og Sorpstöð Rangárvallasýslu.



Kjörgengir á aðalfundina eru **framkvæmdastjórar sveitarfélaga, sveitarstjórnarmenn og varamenn** þeirra.

Á aðalfundunum eiga einnig sæti stjórnarmenn **Sorpstöðvar Suðurlands** og **Heilbrigðisnefndar Suðurlands** og **framkvæmdastjórar aðildarsveitarfélaga**, með málfrelsi og tillögurétti séu þeir ekki kjörnir fulltrúar. Þátttaka þeirra skal einnig tilkynnt með fyrir nefndu skráningarformi. Aðalfundirnir eru einnig opnir **öðrum sveitarstjórnarmönnum** á starfssvæðinu sem áheyrnarfulltrúum, sem skulu einnig tilkynntir rafrænt með sama skráningarformi.

Tekin hafa verið frá herbergi á Stracta hótelinu, miðvikudaginn 27. (fyrir þá sem þurfa þess) og fimmtudaginn. 28. október nk. Ætlast er til að **sveitarfélögin panti í einu lagi** fyrir sína fulltrúa með því að senda pöntun á netfangið; [info@stractahotels.is](mailto:info@stractahotels.is) í síðasta lagi **8. október** nk. og taki fram að það sé **vegna ársþings SASS**. Tilgreina þarf hvort óskað er eftir gistingu í eina eða tvær nætur. Ekki verður tekið við pöntunum frá einstökum fulltrúum. Gistingin greiðist af viðkomandi sveitarfélagi.

SASS mun panta gistingu fyrir stjórnarmenn samtakana þannig að sveitarfélögin þurfa ekki líka að gera það þó þau séu tilnefndir fulltrúar þeirra á fundinum.

Annar kostnaður vegna ársþingsins, þ.e. vegna fundaraðstöðu, kaffiveitinga og kvöldverðar o.fl., verður síðar innheimtur af SASS.

Tillögur sem sveitarfélög eða fulltrúar þeirra hyggjast leggja fyrir aðalfundina þurfa að berast skrifstofu SASS fyrir **11. október** nk., þannig að þær liggja fyrir með öðrum fundargögnum.

**Aðalfundarboð ásamt tilskildum fundargögnum mun liggja fyrir á sérstökum vefsvæðum í síðasta lagi þann 13. október nk. Aðalfundarfulltrúum og öðrum skráðum fundarmönnum verða send lykilorð tímanlega til að komast inn á vefsvæðin. Af þessum sökum er mikilvægt að skráð verði á kjörbréf virk netföng skráðra fulltrúa.**

Ítreka að sökum COVID-19 faraldursins kann að koma til þess að þingið verði ekki haldið á Stracta hótelinu, en verði í stað þess haldið í fjarfundi. Ef breyta þarf fundinum verður tilkynnt um það sérstaklega.

Með kveðju,  
f.h. stjórnar SASS

Bjarni Guðmundsson,  
framkvæmdastjóri